



## Fundur háskólaráðs 26. júní 2000

### Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Lokið  
**Dagsetningar:**  
Búið til: 21.06.2000 10:30:45  
Dags: 26.06.2000

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

---

08/2000

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, mánudaginn 26. júní var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 10:00.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram til fróðleiks bréf til deildaforseta, skrifstofustjóra deilda, formanna stjórna stofnana og formanna námsbrauta í kjölfar nýrrar reglugerðar.
2. Fyrir fundinum lágu tilnefningar deilda um heiðursdoktora á árinu 2000.

Frá guðfræðideild tilnefning heiðursdoktora í guðfræði árið 2000 í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá kristnitöku.

Jón Sveinbjörnsson, prófessor emeritus  
Vestur-Íslendingurinn Daniel J. Simundsson, prófessor  
Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup  
Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir, prestur  
Michael Fell, prófessor.

Samþykkt samhljóða.

Tilnefning heiðursdoktora frá verkfræðideild árið 2000.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti  
Bjarni Tryggvason, verkfræðingur.

Samþykkt einróma.

Tilnefning heimspekideildar um heiðursdoktora árið 2000.

Elsa E. Guðjónsson, fyrrverandi deildarstjóri við Þjóðminjasafn Íslands  
Stefán Karlsson, fyrrverandi forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Samþykkt einróma.

Tilnefning raunvísindadeildar um heiðursdoktora árið 2000.

Dr. Guðmundur E. Sigvaldason, jarðefnafræðingur  
Dr. Bergþór Jóhannsson, mosafræðingur  
Dr. Baldur Stefánsson, plöntuerfðafræðingur

Samþykkt einróma.

3. Fyrir var tekin tillaga um framlag í Stúdentasjóð. Samþykkt var tillaga formanns Stúdentaráðs um að fjárfamlag Háskólans í Stúdentasjóð verði 700 kr. á nemanda háskólaárið 2000 – 2001.
4. Rætt var um stöðu fastráðinna stundakennara og möguleika þeirra á að sækja um styrk úr Rannsóknasjóði Háskólans. Samþykkt var að breyta reglugerðinni þannig að fastráðnir stundakennrarar hafi aðgang að sjóðum Háskóla Íslands.
5. Rætt var um að fara þess á leit við stjórnvöld að þau leggi 130 mkr. til eflingar framhaldsnámi við Háskóla Íslands og 70 mkr. til nýmæla á árinu 2001. Upphæð þessi verði hluti af rannsóknasamningi en óháð auknum fjárveitingum til að bæta núverandi skilyrði til rannsóknastarfsemi í Háskólanum.

Samþykkt einróma.

6. Fram var lagt minnisblað dags. 26. þ.m. um nokkur mál til umfjöllunar í Háskólanum haustið 2000. Rektor fór yfir minnisblaðið. Málin voru rædd og sérstaklega húsnæðis- og skipulagsmál og skipulag stjórnsýslunnar.  
Fram var lagt minnisblað dags. 26. þ.m. um nokkur atriði sem háskólaráð þarf að vinna að í kjölfar nýrrar reglugerðar.  
Samþykkt var að fela formönnum kennslumála-, fjármála- og vísindanefndar að undirbúa ákvörðun háskólaráðs í þessum atriðum.
7. Rektor ræddi dagskrá háskólahátíðar sem haldin verður 8. september n.k.
8. Háskólaráð þakkaði Þórði Kristinssyni, framkvæmdastjóra kennslusviðs og Ólafi Jóhannesi Einarssyni, lögfræðingi rektors, sérstaklega fyrir árangursríka vinnu við undirbúning og frágang reglugerðar Háskóla Íslands.

Næsti fundur ráðsins verður fimmtudaginn 24. ágúst n.k.

Fleira var ekki gert.  
Fundí slitið kl. 12:15